

Athugasemd við frumvarp til laga um farbegaflutninga á landi í atvinnuskyni, 504. mál.

*Þrátt fyrir að umsagnarfræstur sé liðinn vonast undirritaður til að eftirfarandi ábendingar verði teknar til athugunar.*

## 12. grein

Inn í þessa grein frumvarpsins þyrfti að koma ákvæði um að **hópferðabílar og ferðapjónustubílar skuli vera merktir leyfishöfum eða rekstraraðilum að utanverðu** og að ráðherra setji í reglugerð hvernig þeirri merkingu skuli háttað.

Að óbreyttu getur enginn séð hver er eigandi eða rekstraraðili hópferðabíla nema hafa aðgang að ökutækjaskrá. Staðsetning leyfisbréfs inni í viðkomandi bíl eða merking á númerplötu kemur aðeins að gagni í takmörkuðum mæli.

Í 43. grein frumvarpsins er fjallað um tilkynningar um brot á lögnum og reglugerðum þeirra. Þar segir m.a. að í slíkum tilkynningum skuli vera upplýsingar um þá starfsemi sem stunduð er, ökutæki sem notuð eru við starfsemina og aðila sem hana stunda. Nær ómögulegt er að uppfylla þessi skilyrði nema hafa þessar upplýsingar aðgengilegar á þann einfalda og skilmerkilega hátt sem lagt er til hér að ofan. Á það má benda að víðast hvar erlendis eru hópferðabifreiðar merktar eigendum eða leyfishöfum.

Ákvæði um að sýna „andlitið“ mundi ekki síður stuðla að þróðmannlegri framkomu í umferðinni, snyrtimennsku á áfangastöðum og virðingu við samferðamenn.

## 29. grein

Undirritaður leggur til eftirfarandi breytingu (feitletrað) á fyrstu setningu fyrstu málsgreinarinnar:

- Samgöngustofa veitir leyfi til reksturs breyttra, sérútbúinna ökutækja, **t.d. til fjallaferða og þjónustu við hreyfihamlaða** þó slíkar bifreiðar rúmi færri farþega en níu, enda hafi leyfishafi almennt rekstrarleyfi skv. 12. gr.

Orðalagið „akstur utan þjóðvega“ sem nú er að finna í fyrstu málsgrein er óheppilegt og þarf ekki að hafa mörg orð um hvers vegna svo er. Betur færi á að nota sama orðalag og er í lögum nr. 71/2001, en þar er talað um akstur vegna fjallaferða.

Varðandi síðari lið breytingatillögunnar, þá er það svo að til að hreyfihamlaðir (hjólástólanotendur) geti notið ferðapjónustu þarf að útbúa hópferðabíla sérstaklega fyrir þarfir þeirra. Hópferðabílar þurfa að vera skráðir fyrir 9 farþega eða fleiri samkvæmt ákvæðum rekstrarleyfis og er leyfishöfum óheimilt að vera með bíla í rekstri sem rúma færri farþega. Til að fara ekki undir 9 farþega mörkin geta rekstraraðilar hópferðabíla alla jafna ekki útbúið aðstöðu fyrir einn eða tvo hjólástóla í minni bílum en 14-16 farþega. Hver hjólástóll tekur pláss sem annars færi undir 2-3 sæti.

Með því að bæt a ákvæði inn í 29. greinina um að hún taki til þjónustu við hreyfihamlaða geta rekstraraðilar hópferðabifreiða útbúið hagkvæmari (minni) bíla fyrir hjólastóla án þess að brjóta í bága við skilyrði um lágmarksfjölda sæta. Komið hefur í ljós að 12 manna hópferðabílar henta vel þörfum viðskiptavina, en með festingum fyrir tvo hjólastóla taka þeir í heildina færri en 9 farþega. Algengt er að fjölskylda, starfsfólk og vinir hreyfihamlaðra ferðist með þeim og vilji hafa afnot af farartæki sem hentar stærð hópsins og er ekki bundið ferðaáætlun annarra. Með auknum sveigjanleika er hægt að bjóða slíkum ferðahópum hagkvæmustu lausnina hverju sinni.

Undirritaður er reiðubúinn til að mæta á fund nefndarinnar til að skýra mál sitt betur, ef þess er óskað.

Með vinsemd



Þórir Garðarsson

[thorir@grayline.is](mailto:thorir@grayline.is)

Stjórnarformaður Gray Line á Íslandi / Iceland Excursions Allrahanda ehf.

Klettagörðum 4

104 Reykjavík